

NÁTTÚRAN, VEÐRÁTTAN OG SAGAN

Högna Sigurðardóttir arkitekt efni og andi í byggingarlist

*Et l'ancienne maison,
Je sens sa rousse tièdeur
Vient des sens à l'esprit.*

(Og gamla húsið,
ég finn mjúkbrúna hlýjuna
skynja hana, leitar á hugann.)

(Jean Wahl, Poèmes. úr Poetics of Space e. Gaston Bachelard)

Opnuð hefur verið á Kjarvalsstöðum sýning á byggingarlist Högnu Sigurðardóttur arkitekts með áherslu á íslensk verk hennar, byggð sem óbyggð. Högna, sem varð átttræð á dögumum, hefur verið meðlimur frönsku arkitektaakademiunnar frá 1992 og hlaut heiðursorðu Sjónlistaverðlaunanna 2007. Hún er heiðursfélagi Arkitektafélags Íslands.

Sýningarstjórinn Guja Dögg, deildarstjóri við Listasafn Reykjavíkur, fjallar um verk Högnu.

Verk Högnu Sigurðardóttur arkitekts er ekki einfalt að staðsetja. Hún sækir í þau þræði aftur í tímann, í menningararf gamallar íslenskrar byggingarlistar, og hún spinnur þau inn í nútímann, með óvenjulegri og djarfri listrænni voð. Þau eru hvort tveggja og allt í senn gömul og ný, dularfull og auðlesin, lífræn og faguð.

Högna er fædd og uppalin í Vestmannaeyjum, á virkri eldfjallaeyju í ólgandi Norðurhafi og innritaðist í arkitektadeild hins aldargamla École Nationale Supérieure des Baux-Arts í gömlu heimsborginni París skömmu eftir stúdentspróf. Þar hóf hún nám - ein fárra kvenna á deildinni og með lítinn sem engan undirbúning í frönsku máli en lauk engu að síður námi með afburða árangri árið 1960.

Með lokaverkefni sínu *Garðyrkjubýli í Hveragerði* sló hún tón í byggingarlist sinni sem átti eftir að þróast og þroskast á afar persónulegan hátt, og kristallast í frumlegum byggingum bæði hérlendis og í Frakklandi. “Það sem ég gerði” segir Högna “voru gróðurhús og híbýli fyrir þann mann sem átti gróðurhúsin. Hinir ýmsu hlutar byggingarinnar voru tengdir saman svo myndaðist eins konar innra flæði á milli plantnanna og íbúðarhússins. Ég hugsaði um að setja hana inn í landslagið þannig að það félli að henni. Ég notaði eftir föngum efni sem er á staðnum og leyfði byggingarefnunum að koma fram í sem óbreyttastri mynd”.

Ein margra viðurkenninga sem hún fékk fyrir lokaverkefni sitt fól í sér leyfi til að starfa sem arkitekt í Frakklandi. Hún en fékk strax ýmis verkefni í París og flutti því ekki heim en hefur átt starfsferil sinn að mestu leyti þar. En hún hefur án nokkurs vafa unnið sín persónulegustu og sterkustu verk hér á Íslandi, þar sem nán tenging hennar við sértæka veðráttu og náttúru landsins, auk sterkar sannfæringar um að byggja með hverjum stað hafa getið af sér einstakar byggingar hér heima.

Það er áhugavert að flest verka hennar í Frakklandi hafa verið stórar, opinberar byggingar sem skrifa sig inn í þéttbýlt, manngert umhverfi á meðan íslensku verkin eru smá í sniðum, persónulegri í útfærslu og í beinu sambandi við náttúrulegt landslag. Byggingarnar úti hverfast um tengsl eða samskipti á milli fólks: “Það voru mest skólabyggingar, alveg frá vöggustofum og leikskólum upp í háskóla. Ég hafði mjög ákveðnar hugmyndir um að opna fyrirkomulagið í húsunum og örva þannig samskipti manna á meðal,” segir hún. Byggingarnar hér heima hverfast

um samskipti manns og náttúru, veðurs og birtu: “Ég held að íslensk byggingararfleifð hafi haft mikil áhrif á mig, en það var ekki meðvitað. Ég veit heldur ekki hvort ég leita í íslenska náttúru, hún býr bara í mér. En ég hugsa mikið um veðráttuna. Og söguna. Ég veit ekki hvernig það brýst fram, en tekur á einhver hátt völdin í sköpun minni án þess ég fái við ráðið”.

Íbúðarhús sem hún teiknaði að Sunnubraut í Kópavogi er staðsett neðst við voginn í stóru rými landslags. “Þetta var einstök lóð, alveg við hafið, og afskaplega dýrmæt að fást við. Mér fannst mikilvægt að undirstrika andstæður hafsins og hússins. Efnid í byggingunni er ómeðhöndluð sjónsteypa sem í er lagt grófar steinhellur til að sýna eða draga fram styrkinn í því skjóli sem húsið veitir gegn náttúruöflunum,” segir hún. Húsið er tiltölulega lokað að götunni en innandyra opnast það smátt og smátt að útsýninu og birtunni. Ekkert er lokað af eða heft, en veggjum stillt þannig upp að myndist skútar og kimar eins og lítil rými í rýminu þótt það sé í raun ein órofa heild.

Annað íbúðarhús sem Högna teiknaði að Bakkaflöt í Garðabæ er staðsett í miðju íbúðarhverfi þar sem litlu útsýni er fyrir að fara. Þar fer hún öfugt að og mótar húsið eins og inn í hól með því að hlaða jarðveg að útveggjum þess og tyrfa yfir. “Þetta hús er ekki lokað í rauninni því birtan er tekin niður með arninum í miðju hússins þaðan sem hún streymir út í megin vistarverur þess: stofuna og opið eldhúsið með stóru borðstofuborði þar sem margir geta komið saman. Húsgögn og innréttingar eru steipt með gólfi og veggjum og mynda eins og stöðugan grunn, en veggir eru hreyfanlegir renniflekar úr hlýlegum við þannig að birta frá gluggum á útveggjum nær djúpt inn í húsið. Það er ekki allt opið heldur er birtunni stjórnað”. Húsið að Bakkaflöt hefur vakið óskipta athygli og hlotið margar viðurkenningar, en það hefur meðal annars verið úrskurðað eitt af hundrað bestu byggingum 20.aldarinnar í Evrópu.

Nokkur þeirra verka sem Högna gerði tillögu að hér heima voru aldrei byggð en hefðu næsta örugglega auðgað íslenska byggingalist að sama skapi hefðu þau risið. Meðal þeirra er tillaga að kapellu við Ofanleiti í Vestmannaeyjum þar sem var prestsetur til forna. “Hún var hugsuð staðsett í grasi vöxni landinu nálægt hamrinum, út við hafið þar sem sjórinn lemur oft nóturlega, segir Högna. “Byggingin sjálf er felld inn í landslagið og gengið niður fyrir hana þar sem við ytra anddyri er útikapella. Þegar þar er setið sést út á hafið. Gengið er í gegnum dimm göng inn í kapelluna, en birtan streymir inn að ofan og beinir athyglinni til himins þegar komið er inn í sjálft guðshúsið”.

Sterkur þráður í verkum Högnu Sigurðardóttur arkitekts er umhyggja og næmi fyrir efniskennd, samsetningum og frágangi byggingarhluta. Hún stefnir gjarnan festu á móti mýkt, svo sem hörðum steini á móti hlýlegum við, skugga á móti birtu, jörð á móti himni – eins og til að koma til móts við eða staðfesta ólík öfl efnis og anda á upplifun og skilning mannsins á umhverfi sínu. Nálgun hennar í byggingarlist sinni er bæði persónuleg, ákveðin og auðmjúk gagnvart höfuðskepnunum. Verk hennar eru bæði einstök og almenn í senn. Stefnumót forms, efnis og birtu draga í höndum Högnu athyglina að líkamlegri skynjun sem aldrei getur orðið annað en persónuleg, innileg og breytileg frá degi til dags. “Ég reyni að draga fram það sem efnid hefur sérstakt til að bera. Sjónsteypan gefur til dæmis svo mikinn karakter og er svo sterk. Það er mikilvægt í byggingarlist að sýna fram á hvað maður er að fara, segir Högna”. Þessi nálgun höfðar til eðlislægrar skynjunar mannsins ásamt því að vekja hugsanir eða hugrenningar um gildi eða dýrmæti fegurðar í tilveru okkar á jörðinni. Efnis og anda í byggingarlist.

Guja Dögg Hauksdóttir, guja.dogg@reykjavik.is
arkitekt FAÍ og deildarstjóri byggingarlistardeildar Listasafns Reykjavíkur

Hafsteinshús við Bakkaflöt í Garðabæ, sem er eins og grafið inn í hól, hefur verið valið eitt af 100 bestu húsum 20.aldar í Evrópu. Húsið hverfist um miðlægan steyptan arinn í miðju hússins, og ofanljós varpast niður með hliðum hans inn í stofuna.



Ljósmynd Guja Dögg



Ljósmynd Jóhanna Ólafsdóttir

Brynjólfsús við Sunnubraut opnast mót hafi við Kópavoginn. Húsið er steipt með grófum grjóthellum lögðum inn í veggina. Hægt er að ganga úr baðherbergi beint út í garð.



Ljósmynd Arnór Kári Egilsson



Ljósmynd Kristján Magnússon

Svokallað Þorvarðarhús við Brekkugerði stendur á lítilli lóð en þakið er notað sem garður og á svölum eru innfelldir blómareitir sem ganga inn í húsið. Inni í húsinu gengur arinn inn í stofurýmið og fyrir framan hann er gólfíð tekið niður í eins konar setgryfju.



Ljósmynd Arnór Kári Egilsson



Ljósmynd Pétur Ö Þorsteinnsson